



# PÉSI

35. ÁRGANGUR | 395 TBL

MARS 2025

## Athugið!

Næsti Pési kemur út  
**9. apríl.** Efni þarf að  
berast fyrir **4. apríl.**

## Fréttir frá bókasafninu

Á þessu ári stendur til að flytja Bókasafn Hrunamanna á jarðhæð félagsheimilisins á Flúðum og mun þá aðgengi að safninu batna mjög.

Árið 2024 voru virkir lánsþegar safnsins 79 talsins, 86% af þeim konur og 14% karlar. Þess má nú geta að með lánþegum fylgja oftast en ekki aðrir gestir eins og börn og makar og því var fjöldi gesta mun meiri og kynjamunurinn ekki eins mikill.

Ef við rýnum í lánþega eftir aldri voru þeir flestir fæddir á árunum 1960-1969 og næst flestir fæddir á árunum 1970-1979. Þessum tveimur aldursflokkum tilheyrðu 36% lánþega. Þeir sem sækja safnið eru flestir búsettir í Hrunamannahreppi en auk þeirra koma reglulega gestir úr sveitunum í kring og gestir sumarhúsa í sveitinni.

Safnið lánaði samtals 1237 bækur á árinu 2024, bæði til almennra lánsþega sem og nemenda í grunn- og leikskóla sveitarinnar. Það ætti ekki að koma nokkrum manni á óvart að janúar- og desembermánuðir voru vinsælustu útlánamánuðir ársins en þá stoppuðu nýju bækurnar ekki lengi við í hillum safnsins.

Vinsælasta útlánsbók safnsins frá því tölvukerfi var tekið í gagnið er *Svar við bréfi Helgu* eftir Bergsvein Birgisson en hún hefur verið lánuð 50 sinnum. Í öðru sæti er bókin *Ljósa* eftir Kristínu Steinsdóttur og þriðja sætið vermir bókin *Allt hold er hey* eftir Þorgír Þrúnaðsdóttur.

*Bestu kveðjur, Ásta Rún*



Vegna flutnings bókasafnsins mun safnið verða lokað næstu mánuði. Síðasti opnunardagur er föstudagurinn 21. mars 2025.

Hjálpnið okkur að flytja og nælið ykkur í nógu margar bækur!

Please note that on the website [fludir.is](http://fludir.is), you can translate everything, with one click, to English, Polish, and Romanian.



# Samheldni í góðu samfélagi

Við Hrunamenn höfum á undanförunum dögum fundið hversu gott það er að búa í samfélagi sem stendur saman í gleði sem og í sorg. Lífið er þannig að það færir okkur bæði áföll en líka ljúfa daga, en það sem skiptir máli er hvernig við tökumst á við breytileika þess. Við höfum að undanförunu fundið fyrir mikilli samkennd og samhug í samfélaginu, sem sýnir styrk okkar sem heild. Við sendum hugheilar samúðarkveðjur til þeirra sem hafa misst og eiga um sárt að binda og vonum að hlýjar minningar og kærleikur samfélagsins veiti þeim styrk.



Þrátt fyrir sorgina er vor í lofti, og sól hækkar á lofti með hverjum deginum. Þá fer vel á því að hugað sé að framtíðinni og þeim verkefnum sem fram undan eru í okkar samfélagi. Gatnagerð í Röðulstanga er hafin og lóðum var úthlutað við götuna nýlega. Nú eru einungis 3 einbýlishúsalóðir lausar til úthlutunar í Byggð á Bríkum og er sú staðreynd framar öllum vonum. Í annarri grein hér í Pésanum er fjallað um íbúapróun en miðað við úthlutaðar lóðir má vænta þó nokkurrar fjölgunar íbúa hér á næstu árum. Innrétting heilsugæslunnar gengur afar vel og gaman að fylgjast með húsnæðinu taka á sig mynd. Framkvæmdir eru að hefjast við innréttingu ráðhúss og bókasafns í félagsheimilinu. Breytingar í Flúðaskóla munu eiga sér stað í sumarfríi skólans en þangað mun félagsmiðstöðin flytjast tímabundið. Framkvæmdir fara í gang við móttökustöðina í Flat-holti fljótlega og verið er að bjóða út yfirborðsfrágang Garðastígs, Ljónastígs og lðjuslóðar. lðnaðarlóðir rjúka nú út við lðjuslóðina eftir að sveitarstjórn ákvað að gefa 50% afslátt af gatnagerðargjaldinu svo sú aðgerð er að virka svo um munar. Einnig er undirbúningur í fullum gangi við væntanlega vatnslögn frá Blákvísl að Flúðum sem verður ein stærsta framkvæmd sveitarfélagsins frá upphafi. Það er því ljóst að framundan eru fjölmörg spennandi verkefni sem bæta munu aðstöðu og þjónustu við íbúa, til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

Það er ávallt gott að horfa fram á veginn með bjartsýni efsta í huga og minnst um leið ánægjulegra samverustunda. Þá kemur fyrst í hugann hið árlega hjónaball sem fór fram í byrjun mars. Einstök skemmtun og ánægjulegt að sjá hvernig gestir á öllum aldri skemmtu sér saman. Þúsund þakkir til þeirra sem stóðu að þessum frábæra viðburði og góðar óskir fylgja til þeirra sem tekið hafa við keflinu.

Hér í Hrunamannahreppi eigum við dýrmætt samfélag þar sem við stöndum saman í blíðu og stríðu. Við tökumst á við áföll, fögnum góðum stundum og vinnum saman að framtíðinni.

Með hækkandi sól fylgir von og kraftur. Við göngum til móts við komandi daga með samstöðu og jákvæðni í hjarta.

Með hlýjum kveðjum,  
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri

## Þésinn birtir auglýsingar og skemmtilegt efni um allt það sem um er að vera í sveitarfélaginu.

Sendið efni og auglýsingar á [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)




Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum  
Sími 861 9682



Löggiltur rafverktaki / bílaflutningur

Axel  
Sími 860 7073



HUGMYND

## TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14  
845 Flúðir

[flight@simnet.is](mailto:flight@simnet.is)  
Sími 699 0757

# Spennandi tímar fram undan í Zero

Síðustu misseri hafa verið einstaklega skemmtileg hjá okkur í félagsmiðstöðastarfinu. Þann 20. febrúar héldu félagsmiðstöðvarnar Zero og Zetor sameiginlega söngkeppni en félagsmiðstöðvarnar þjónusta alla 8.-10. bekkina grunnskólanna í uppsveitum. Samstarfið á milli félagsmiðstöðva í uppsveitum er regllegt og dýrmætt fyrir bæði unglinga og starfsfólk. Sex atriði tóku þátt í keppninni en að henni lokinni var eitt atriði úr hvorri félagsmiðstöð valið sem komst áfram á USSS (Undankeppni Söngkeppni Samfés á Suðurlandi). USSS verður haldin í Njálshúsi í Rangárbíngi eystra þann 14. mars og lýkur með balli. Óhætt er að segja að USSS sé stærsta unglingsamkoma á Suðurlandi. Þær Íris Birna Árnadóttir og Katrín Katla Guðmannsdóttir verða með framlag Zero í Suðurlandskeppninni í ár með lagið *Ekkert breytir því* eftir Sálina hans Jóns míns. Glæsilegt atriði sem við getum verið stolt af.



Mynd af keppendum Zero. Frá vinstri Arnór Karlsson, Íris Birna, Katrín Katla og Darri Steinn.

Þá eru spennandi tímar fram undan í félagsmiðstöðinni. Við höfum haft til afnota húsnæði í Félagsheimilinu hér á Flúðum en við munum um næstu mánaðamót pakka saman þar sem fara á í miklar breytingar hér í Félagsheimilinu á næstu mánuðum. Það varð úr að við flytjum í Flúðaskóla en þar gefst spennandi tækifæri til þess að hugsa rýmið út frá þörfum frístunda en einnig tækifæri til þess að unglingar geti nýtt rýmið í frímínútum á skólatíma. Framkvæmdir við þá breytingu munu hefjast í sumar, svo það má búast við því að apríl og maí verði með óhefðbundnu sniði hjá okkur í Zero. Það má því segja að með hækkanði sól opnast ný tækifæri, vissulega tímamót eftir um 15 ár í núverandi húsnæði. Möguleikarnir til uppbyggingar frístundastarfs munu opnast með breytingum sem þessum!

Góð kveðja frá okkur í Zero!

Með kærri kveðju,  
Þórarinn Guðni Helgason,  
forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero



## Grænna land ehf.

Hellulagnir - Áburðargjöf  
Beðahreinsun - Garðsláttur  
Garðaúðun - Trjáklippingar  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Þökulagnir - Trjáplöntusala

**Erla Björg Arnardóttir**  
Garðyrkjufæðingur

Sími 858 3399  
graennaland@simnet.is

*Fóttaöðgerðastofa*  
**Öddu Siggu**

Miðfelli 2a  
Tímappantani í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippir í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).**



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



## Sundlaugin á Flúðum

### 16. ágúst - 31. maí

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga  
frá kl. 16:00 - 20:30

Mánu- og fimmtudaga frá kl. 6:00 - 9:00  
(að öðru leyti lokað á fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga  
frá kl. 13:00 - 18:00

## Tækjasalur á Flúðum

**Opunartími tækjasals:**

Mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-21:00

Föstudaga kl. 8:00-18:00

Laugardaga kl. 9:00-13:00

Vinsamlegast athugið að gengið er inn  
á neðri hæð, bílastæðamegin.

Árskort sem gilda í sundlaugin, íþrótta- og  
tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði,  
aðeins 19.000 kr. Minnum á að hjá flestum  
stéttarfélögum er hægt að sækja um styrk.

# VISS FRÉTTIR



Halló,  
við erum vinnustofan VISS á Flúðum.

VISS veitir hæfingu, starfsþjálfun og verndaða vinnu fötluðum einstaklingum 18 ára og eldri sem miðar að því að auka hæfni þess til starfa og þátttöku í daglegu lífi eða á almennum vinnumarkaði.

VISS fréttir eru um ýmis mál og fréttir úr nágrenninu til skemmtilegra staðreynda

## HREPPAMAÐUR MÁNAÐARINS

**Hvað heitir þú?** Ég heiti Else Nielsen

**Hvað hefur þú búið lengi í Hrunamannahreppi?**


Það eru 32 ár síðan ég kom hingað á Flúðir.

**Við hvað ertu að starfa?** Ég er forstöðuþroskaþjálfari á VISS á Flúðum og er einnig að starfa á VISS á Selfossi.

**Uppháldsstaðurinn þinn í Hrunamannahreppi?** Ég á mjög marga uppháldsstaði í Hrunamannahrepp en fjallið Miðfell stendur alltaf uppúr. Þar hef ég átt margar dásamlegar stundir.

**Hvað er það besta við Hrunamannahrepp?** Það er náttúran. Stutt í allt hvort sem mig langar að fara í fjallgöngu, skógarferð eða á kajak og svo er alltaf svo mikið um að vera hér í félagslífinu. Svo má ekki gleyma að Hreppamenn eru langskemmtilegasta fólkið.

**Finnst þér þú vera Hreppamaður?** Já ég er algjör Hreppamaður og Íslendingur þó svo að ég fæddist ekki hér, en hef auðvitað mínar grænlenku, dönsku og norsku rætur sem verða alltaf partur af mér.



# WACKY KAKA

Wacky kaka er gerð án mjólkur og eggja og er rök, dökk og ljúffeng súkkulaðikaka.

Hún varð til á kreppuárunum þegar hugvitsamir matreiðslumenn þróuðu köku sem hægt var að baka án dýrra og sjaldgæfra hráefna eins og mjólkur, smjörs og eggja.

Frábær kaka fyrir þá sem eru með ofnæmi fyrir mjólkurvörum, eggjum eða eru vegan.

## INNIHALDSEFNI

1 1/2 bolli hveiti	1 msk. lyftidufti	Vanilla
1 bolli sykur	1 bolli vatn	+ súkkulaði,
1/4 bolli kakó	1/3 bolli olía	þeyttur rjómi
1 tsk. salt	1 msk. eplaedik	eða marmelaði



1. Hitið ofninn í 180°C.
2. Blandið saman í eina skál hveiti, sykri, kakói, salti, lyftidufti og í annarri skál vatni, olíu, eplaedik og vanillu.
3. Blandið síðan báðum skálunum saman.
4. Búið til fallegt, kekkjalaust deig og hellið því svo í bökunarform.
5. Bakið í forhituðum ofni þar til tannstöngull sem stungið er í miðjuna kemur hreinn út, 30-40 mínútur.
6. Látið kólna í að minnsta kosti 20 mínútur.
7. Svo má hella súkkulaði yfir kökuna eða setja þeyttan rjóma á hana.
8. Ef þú sleppir kakóinu í uppskriftinni færðu ljúffenga vanillusvampköku.

## VISSIR ÞÚ AÐ...

VISS býr til flesta hluti úr efni sem þau hafa fengið gefins.

Áttu spýtur, MDF plötur, krossvið, spónaplötur, allt sem þú notar ekki, erum við til í að eignast.

# Örstutt samantekt á starfi KKHH

Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna er hópur söngfólks sem hittist einu sinni í viku frá september til aprílloka og æfir sálma og veraldleg lög, undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur. "Gigg" kórsins eru fjölmörg og eru fáir kórar sem fá jafn mörg tækifæri að láta ljós sitt skína og flytja jafn fjölbreytta tólist.

Að fá að taka þátt í öllum þeim athöfnum sem fram fara í kirkjunni er mjög gefandi fyrir fólk sem á annað borð ann tónlist.

KKHH samanstendur af líflegu fólki sem hefur gaman af því að hittast, syngja, gera sér glaðan dag og að sjálfsögðu leggja allt kapp á að leysa þau verkefni sem kórinn er kallaður til vel af hendi. Má þar nefna hefðbundnar messur auk jóla og páska-, kúa, kinda og gróðurhúsa-, ástar og dægurlaga-, bleikar og kaffihúsa-, eða hvað það sem presti og organista dettur í hug. Við feringar og jarðarfarir leggur kórinn sig sérstaklega fram um að skila sínu hlutverki vel.

Kórinn hefur verið einstaklega heppinn með kórstjóra/organista í gegnum tíðina og hefur oftast en ekki fengið lof fyrir frammistöðu sína. Ekki spillir að hver snillingurinn tekur við af öðrum og messar yfir okkur við altarið og gerir okkur að betri einstaklingum.

*Magga Sigurbjörg Brynjólfsdóttir  
Formaður KKHH*



*Stjórn KKHH, Sirrý, Magga og Inga Jóna.*





## Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



## Bókasafn Hrunamanna

Bókasafn Hrunamanna er aðildarsafn að Rafbókasafninu. Rafbókasafnið ([www.rafbokasafnid.is](http://www.rafbokasafnid.is)) er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa.

Alltaf er hægt að hafa samband á netfangið [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is) eða senda skilaboð í gegnum Facebook-síðu Bókasafns Hrunamanna.

### OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 16-18

Þriðjudaga kl. 18-20

Föstudaga kl. 12-14




### BÓKASAFN HRUNAMANNA

Félagsheimilinu

Sími 480 6628 - Bókasafnið er á Facebook  
[bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is) - <http://bokasafn.fludir.is/>



BORGTHOR EHF  
Öll almenn gröfujónusta.  
Útvegum allar gerðir  
fyllingarefna



Bubbi 899-0816  
Margrét 699-4001



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

# Íbúaupplýsingar

Á undanförunum árum hefur fjölgað umtalsvert í Hrunamannahreppi.

Þegar þetta er skrifað eru íbúar í Hrunamannahreppi 951 og hefur því fjölgað um 53 á árinu 2024 eða um 5,9%. Á árinu 2023 fjölgaði um 2,7%, úr 874 í 898. Við vonum að þessi þróun haldi áfram og að íbúar Hrunamannahrepps verði orðnir 1000 fyrir sveitarstjórnarkosningar árið 2026.

Það er mikilvægt vegna þess að í lögum segir að séu íbúar færri en 1000 um ári frá sveitarstjórnarkosningum ber sveitarstjórn að hefja formlegar sameiningarviðræður við annað/önnur sveitarfélög eða að láta vinna álit um stöðu sveitarfélagsins og getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og um þau tækifæri sem felast í mögulegum sameiningum. Í þessu ljósi er mikilvægt að Hrunamannahreppur haldi áfram að vaxa og að þannig verði tryggt að það sé frumkvæði og vilji íbúa sem ráði sameiningarhugmyndum en ekki ríkjandi lög í landinu.

En sem betur fer er ekki útlit fyrir annað en íbúum haldi áfram að fjölga miðað við þann mikla fjölda íbúða sem hér eru í farvatninu og þann áhuga fjárfesta á svæðinu sem við finnum fyrir.

## 16 BÖRN FÆDD ÁRIÐ 2024

Það er gaman að geta þess að fjölmennasti árgangur barna og ungmenna í sveitarfélaginu fæddist árið 2024 eða 16 börn. Börn yngri en 6 ára eru 73.

Fjölmennustu árgangarnir eru fæddir 1994 og 1998 eða 23, hvort ár. Næstfjölmennust eru fædd 1995 og 1996 en þau eru 22 á hvoru árinu fyrir sig.

Meðalaldur íbúa er 39 ár og hefur hann örlítið lækkað frá fyrra ári. Karlar eru 530 eða 55,7% íbúa á meðan að konur eru 44,3% eða 421. Erlendir ríkisborgarar eru 340 eða 35,8%.

Elsti íbúi Hrunamannahrepps er Karl Gunnlaugsson sem verður 94 ára í nóvember 2025 en 8 íbúar eru eldri en níráðir.

Að lokum má geta þess til gamans að algengustu nöfn Hrunamanna eru Sigurður og Ragnheiður en Magnús Guðmundur og Anna fylgja þar fast á eftir.

Aldís Hafsteinsdóttir  
Sveitarstjóri

# Nemar í leikskólakennarafræðum styrktir til náms

Reglur um stuðning við starfsmenn Leikskólans Undralands sem stunda nám í leikskólakennarafræðum og til leikskólaliða hafa verið samþykktar af sveitarstjórn.

Markmið styrkjanna er að fjölga kennurum með leyfisbréf og sérhæfingu á leikskólastigi sem og leikskólaliðum í Leikskólanum Undralandi. Með hækkun hlutfalli fagmenntaðs starfsfólks mun faglegt starf eflast og aukinn stöðugleiki ætti að verða í starfsmannahaldi leikskólans.

Stuðningur við nema er fjölþættur og felst í m.a. í aðgengi að húsnæði og tölvukosti vegna námsins. Launuðu námsleyfi í staðarlotur og í prófum. Standist neminn áætlaða námsætlun er greiddur styrkur í lok haust- og vorannar, 100.000 kr. í hvert sinn. Styrknum er ætlað að mæta að einhverju leyti kostnaði sem verður til vegna námsins, svo sem skólajöldum, bókakaupum og akstri.

Reglurnar má finna á [www.fludir.is](http://www.fludir.is) en einnig veitir Jóna Björg, leikskólastjóri, nánari upplýsingar.

## FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.

 **BÓTARÉTTUR**  
- þú færð þitt



[botarettur.is](http://botarettur.is)



Á myndina vantar Margréti Hrund Arnarsdóttur og Sigrúnu Guðlaugsdóttur.

# Takk fyrir okkur!

Hjónaballsnefnd langar að þakka öllum fyrir komuna á hjónaball 2025, frábærar viðtökur og vel heppnað kvöld.

Hér til hliðar er listi yfir þau sem valin hafa verið í hjónaballsnefnd 2026 og óskum við þeim alls hins besta í þessu skemmtilega verkefni.

Fyrir hönd hjónaballsnefndar 2025,  
Inga Jóna og Borgþór



## Hjónaballsnefnd 2026

Formenn

Adda Sígga og Einar Logi, Miðfelli

Berglind og Ragnar, Efra-Langholti

Cornelia og Björgvín, Hrepphólum

Erna og Helgi, Hvammi

Eva Dís og Sigurður, Kotlaugum

Fríður og Kristinn, Vesturbirún

Gunn og Daniel, Efra-Seli

Halyna og Vladimír, Smiðjustíg

Helga og Guðjón, Melum

Hugrún og Magnús, Högnastíg

Jón Hermann, Auðsholti

Kolbrún Kristín, Ásastíg

Lára og Skúli, Birtingaholti

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir ([hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is))

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir ([svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is))

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Umhverfisvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600

[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is)

[www.fludir.is](http://www.fludir.is)